

Lóð undir heilsuræktarstöð við Suðurbæjarlaug, umsögn sviðsstjóra.

Málsaðili : Laugar ehf.
Tengiliður :
Dagsetning : 23.03.2015
Númer : 1502476
Flokkur : 521.2 Lóðaúthlutanir, lóðaumsóknir

Efni : Samkvæmt uppdætti með fyrirspurninni er byggingin staðsett innan lóðar Suðurbæjarlaugarinnar á deiliskipulagi fyrir Jófríðarstaði-Skuld. Lóðin er á svæði fyrir samfélagsþjónustu.

Notkunin samræmist aðalskipulagi, en kallar á breytingu á deiliskipulagi þar sem ekki er byggingarreitur á lóðinni.

Byggingin er nokkuð umfangsmikil að flatarmáli, en ekki háreist, þannig að hún ber ekki sundlaugarbygginguna ofurliði. Byggingin virðist ekki skerða útsýni íbúa í nágrenninu né valda skuggavarpi.

Inngrip í útisvæði á lóð sundlaugarinnar yrði allmikið og þyrfti að endurhanna lóðina.

Samantekið tek ég ekki neikvætt í umsóknina.